

LISTRÆNIR SÖLUMENN



Bílavaraahlutasalar í Mósambík kunna greinilega ýmislegt fyrir sér. Drátthagir með afbrigðum

Listrænir bifreiðavaraahlutasölumenn eru á hverju horni í Mabuto, höfuðborg Mósambík. Ja, ekki á hverju horni, en víða meðfram aðalgötunni inn í borgina, og það fer ekkert á milli mála hvað fæst hjá þeim, og helstu umboð eru

vandlega merkt. Glussar, kúlulegur, reimar, bremsuborðar, hin listrænu tilpríf koma í staðin fyrir alþjóðleg auglýsingaskilti.





„Guð býr í
galeiðunni amma”,
söng Megas, og
listin lifir í kertum og
spíssum líka. Og
auðvitað í hinni
klassísku tímareim.